

Skólaráðsfundur 21. september 2023

Mætt: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hulda H fulltrúi kennara, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna, Magnea Ósk fulltrúi foreldra, Henný Úlfarsdóttir fulltrúi foreldra, Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Frosti Kjartan formaður nemendaráðs og fulltrúi nemenda, Kristinn Einar fulltrúi nemenda.

1. Ásgerður fór yfir hverjir eru í skólaráði og fyrir hvað þeir eru fulltrúar. Fór einnig yfir starfsáætlun skólaráðs.
2. Ásgerður fór yfir skólabyrjun. Upplýsti um hvaða framkvæmdir voru í gangi í sumar og ílengdust fram á haustið sem hafði áhrif á stofur á 1. Hæð skólans þannig að þær voru ekki tilbúnar þegar kennsla hófst og fengu við þá afnot af efri hæð íþróttamiðstöðvarinnar. Þakkaði Ásgerður velvilja starfsmanna þar. Þá eru framkvæmdir í norðurenda skólans og framkvæmdir í smíðastofunni eru áætlaðar fram í desember eins og staðan er núna. Mönnun gekk vel en það er alltaf einhver hreyfing á starfsfólki að vori og stundum að sumri.
3. Ásgerður fór yfir áherslur á skólaárinu:
 - a. Leiðsagnarnám – 3 leiðtogar sem stýra verkefninu ásamt stjórnendum. Þriggja ára innleiðingarferli sem er styrkt af Endurmenntunarsjóði grunnskóla sem og Nýsköpunar- og þróunarsjóði Menntasviðs Reykjanesbæjar. Nanna Kristín er ráðgjafi við verkefnið og stuðst er við áætlun frá henni sem og lesbók eftir Nönnu Kristínu sem allir starfsmenn hafa aðgang að í rafbókarformi.
 - b. Teymiskennsla á unglingastigi sem er styrkt af Nýsköpunar- og þróunarsjóði Menntasviðs Reykjanesbæjar. Verkefninu er stýrt af Jóhanni Gunnari og Margréti Rósu, íslenskukennurum á unglingastigi.
4. Ásgerður fór yfir hvað er helst á döfinni en það er heilsu- og forvarnavika Reykjanesbæjar en dagskrá vikunnar verður send heim í tölvupósti. Eins sagði hún frá fyrirhuguðum fundi Menntaráðs um símanotkun. Þá sagði Ásgerður frá viðurkenningu sem Yngvi Þór Geirsson, kennari á unglingastigi, fékk í vor frá Menntasviði fyrir kennslu í fjármálafræðslu.
5. Guðný, aðstoðarskólastjóri, fór yfir starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2023-2024 sem og deildanámskrár sérdeilda skólans, Björk og Ösp. Starfsáætlun skólans var svo borin upp til samþykktar og undirrituðu fundarmenn skjal þess til staðfestingar.
6. Önnur mál:
 - a. Ásgerður sagði frá ástandi húsnæðis Bjarkarinnar og vinnu við að fá nýtt húsnæði en búið er að senda erindi til Menntaráðs sem hefur vísað málinu til frekari vinnu í bæjarráði Reykjanesbæjar.
 - b. Rætt um niðurstöður skólaþings sem var á vorönn á síðasta skólaári en frekar verður farið yfir niðurstöður þess á næsta fundi.

Fundarritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri Njarðvíkurskóla